

## Afkoma nautakjötsframleiðenda 2017-2019

*María Svanprúður Jónsdóttir, Kristján Óttar Eymundsson,*

*Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Sigríður Ólafsdóttir og Runólfur Sigursveinsson*

*Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ehf.*

Sumarið 2020 vaknaði sú hugmynd að rýna í afkomu nautakjötsframleiðenda enda hafði þá afurðaverð til þeirra lækkað og biðlistar í slátrun voru farnir að myndast. Þá var þegar í gangi verkefni sem tengdist rekstri á kúabúum auk verkefnis tengt afkomuvöktun á sauðfjárbúum og því eðlilegt og nauðsynlegt að skoða einnig stöðu nautakjötsframleiðenda.

Verkefnið var kynnt síðastliðið haust og þrátt fyrir að þörfin á svona greiningarvinnu væri brýn varð þátttakan heldur dræm. Áhersla var lögð á að fá sem best bókhaldsgögn svo hægt væri að greina nánar einstaka rekstrarþætti. Hluti þátttakenda er með aðaltekjur sínar af öðrum búgreinum og var lögð talsverð vinna í að skipta rekstrarkostnaði á þeim búum á milli búgreina, svo sem réttust niðurstaða fengist.

Verkefnið er samstarfsverkefni nokkurra starfsmanna RML: María Svanprúður sá um greiningu rekstrargagna, Kristján Óttar sá um greiningu ræktunargagna og gagna um kjötframleiðslu. Eyjólfur Ingvi kom að úrvinnslu í Excel og framsetningu niðurstaðna. Runólfur og Sigríður sáu um gagnasöfnun að hluta, yfirllestur, rýni og fleira.

Í greiningum sem voru sendar til bænda var samanburður búsinns miðaður við vegið meðaltal búanna allra en í þessari skýrslu er unnið með bein meðaltöl búa. Því getur komið fram lítilsháttar ósamræmi á samantektartölum eftir reikniaðferðum.

Verkefnið er unnið m.a. með stuðningi úr þróunarsjóði nautgriparæktarinnar.

## Um þátttökubúin

Þegar upp var staðið fengust 20 bú til þátttöku í verkefninu, 11 á Norðurlandi og 9 á Suður- og Vesturlandi. Þessi bú eru mjög breytileg að samsetningu. 10 bú eru með holdakýr og á sumum þeirra hefur holdakúastofninn farið vaxandi undanfarin ár. Önnur starfsemi á búunum er breytileg. Sumir eru einnig í mjólkurframleiðslu og aðrir í sauðfjárrækt, ferðaþjónustu eða vélaverktöku. Innan við helmingur þessara búna var með meirihluta tekna af nautaeldi. 11 bú selja afurðir sínar að einhverju eða miklu leyti beint til neytenda, ýmist í gegnum eigin heimavinnslu eða sérpakkað frá kjötvinnslu.

Þessi mikli breytileiki sem er í þessu litla gagnasafni gerði það að verkum að tölfræðileg greining á því var ekki gerleg en hins vegar eru þar ýmsar vísbendingar sem vert er að rýna nánar.

## Upplýsingar úr skýrsluhaldinu

Ef skoðaðar eru skýrsluhaldsupplýsingar fyrir þau þátttökubú sem halda holdakýr kemur fram talsverður breytileiki milli búna hvað varðar frjósemi kúnna og lifun kálfanna, en að meðaltali er niðurstaðan eftirfarandi:

**Tafla 1: Meðalfjöldi holdakúa á þátttökubúum, frjósemi þeirra og afdrif kálfa.**

	2017	2018	2019
Fjöldi kúa/kvígna með burðarsögu	58	61	68
Fjöldi kúa án burðarsögu í árslok	13	11	8
Fjöldi kvígna án burðarsögu í árslok	1	1	1
Hlutfall kálfa - fósturlát/f. dauður	6,2%	7,0%	10,5%
Hlutfall kálfa - drapst í fæðingu	2,7%	5,1%	1,8%
Hlutfall kálfa - drapst innan sólarhr.	0,0%	0,2%	1,2%
Hlutfall kálfa - drapst innan 20 daga	1,3%	1,0%	0,4%
Hlutfall kálfa - lifandi	89,8%	86,7%	86,1%

Fjöldi kúa (>430 dagar) og kvígna (>36 mán) án burðarsögu miðast við upplýsingar úr lögbundnum skýrsluskilum í desember á hverju ári. Ef burður innan ársins hefur verið skráður eftir þann tíma gefa tölurnar ekki rétta mynd af frjósemi búans. Ekki var hægt að ná upplýsingum úr skýrsluhaldsforritinu Huppu með öðrum hætti svo auðvelt sé. Við frekari þróun á forritinu er því mikilvægt að horfa á bætt aðgengi bænda að þeim lykiltölum sem hafa mikil búrekstrarleg áhrif.

Í nýrri skýrslu RML um orsakir kálfadauða hjá fyrsta kálfs kvígum er mörgum þáttum velt upp, en engin einhlít skýring er á þessum vanhöldum, en með góðri alhliða bústjórn má yfirleitt minnka þau.

Í töflu 2 má sjá að þátttökubúin eru að slátra svipuðum heildarfjölda nauta ár hvert að jafnaði. Ekki var reynt að greina gagnasafnið eftir því hvort um var að ræða holdagrip, blendinga eða íslendinga. Fallþungi gripanna eykst ár frá ári samhliða því að vaxtarhraðinn eykst, meðalaldur lækkar og flokkun þeirra batnar. Svo sem sjá má eru þátttökubúin að jafnaði vel yfir landsmeðaltali hvað varðar vænleika gripanna, en þessi ár var landsmeðaltal ungnautaflokksins 237, 244 og 246 kg.

**Tafla 2: Fjöldi geldneyta til innleggs, fallþungi og flokkun ásamt fjölda og fallþunga holdakúa.**

	2017	2018	2019
Fjöldi geldneyta alls	980	940	1020
Meðalfjöldi geldneyta - bú	49	47	51
Fallþungi geldneyta	268,2	278,9	289,4
Meðalaldur - mánuðir	25,1	23,6	23,9
Sláturmat geldneyta - gerð	4,81	5,35	5,67
Sláturmat geldneyta - fita	5,9	5,89	5,85
Fjöldi kúa - slátrað	30	40	40
Fallþungi kúa	226,6	197,4	231,2

## Greining rekstrargagna

Þegar rýnt er í helstu tölur er varðar innkomu á þessum búum má sjá að meðalafurðatekjur reiknaðar á kg kjöts fara lækkandi á þessum árum, þrátt fyrir bættan árangur í vænleika og flokkun gripanna. Gripagreiðslum er hér deilt niður á innlagða sláturgrip til samræmis við annað uppgjör í verkefninu þrátt fyrir að þær greiðslur sé tilkomnar vegna ásettra holdakúa. Rétt er að geta þess að með aukinni þátttöku nautgripabænda í skýrsluhaldi og auknum fjölda holdakúa hafa greiðslur á hverja holdakú lækkað þrátt fyrir aukið fjármagn í búvörusamningi. Sláturálag reiknast sem eðlilegt er á innlagt nautakjöt og fer vaxandi í takt við hlutfallslega vænni grip og í samræmi við gildandi búvörusamninga.

Afurðatengdar tekjur reiknast hér 1.097 kr/kg árin 2017-2018 en lækkar í 1.001 kr/kg árið 2019. Séu tekjurnar reiknaðar á hvern grip eru þær 292.046 kr árið 2017, hækka í 299.514 kr/grip árið eftir en lækka árið 2019 í 285.224 kr/grip.

Svo sem sjá má eru tekjur af nautaeldi innan við 40% af heildartekjum búanna að meðaltali. Inni í liðnum heildartekjur eru m.a. tekjur af framlögum vegna jarðræktar og fjárfestinga en aðallega eru þær tengdar öðrum búgreinum.

**Tafla 3: Afurðatekjur og opinberar greiðslur, greint á kg kjöts og sláturgripi, einnig samtala afurðatekna og heildartekna meðalbúsins.**

	2017	2018	2019
Afurðatekjur kjöt kr/kg	908	886	807
Afurðatekjur kjöt kr/grip	241.668	241.738	229.900
Gripagreiðslur, kr/kg	162	168	146
Gripagreiðslur, kr/grip	43.111	45.913	41.549
Sláturálag, kr/kg	27	43	48
Sláturálag, kr/grip	7.267	11.863	13.775
Samtals afurðatekjur kr/kg	1.097	1.097	1.001
Samtals afurðatekjur, kr/grip	292.046	299.514	285.224
Samtals afurðatekjur, kr.	15.017.334	15.140.415	15.929.777
Samtals heildartekjur, kr.	39.331.043	43.591.659	44.208.858

Þegar rýnt er í breytilegan kostnað við nautaeldi reyndist aðkeypt fóður stærsti einstaki liðurinn. Hér er breytileikinn hjá þátttökubúum gríðarlega mikill því sum búin kaupa nánast ekkert kjarnfóður heldur einbeita sér alfarið að gróffóðureldi. Önnur bú einbeita sér að einskonar þaueldi með kjarnfóðri og auka þar með vaxtarhraða gripanna og slátra þeim yngri samhliða góðum vænleika og flokkun. Hluti af kostnaði við aðkeypt fóður hjá einstökum búum er tilkominn vegna kaupa á mjólkurdufti, þar sem hvorki eru mjólkurkýr né holdakýr til staðar.

**Tafla 4: Greining breytilegs kostnaðar á hvert kg innlagt nautakjöt.**

	2017	2018	2019
Aðkeypt fóður, kr/kg nautakjöts	184	225	220
Áburður og sáðvörur, kr/kg nautakjöts	147	160	159
Rekstur búvéla, kr/kg nautakjöts	129	164	155
Rekstrarvörur, kr/kg nautakjöts	63	69	63
Aðkeypt þjónusta, kr/kg nautakjöts	147	145	131
Breytilegur kostnaður alls, kr/kg nautakjöts	670	763	728

Þegar breytilegi kostnaðurinn er skoðaður í heild sinni og í samhengi við tekjur má ætla að með aukinni áherslu á kjarnfóðurgjöf við nautaeldi náist aukinn vaxtarhraði í gripina ásamt betri flokkun. Þessi liður er jafnframt sá sem hækkar mest frá árinu 2017. Stærstu einstöku liðirnir tengdir aðkeyptri þjónustu eru annars vegar verktakavinna við fóðuröflun og hins vegar slátur- og vinnslukostnaður á búum sem stunda beina sölu afurða. Þegar á heildina er litið þá fer breytilegur kostnaður á hvern grip vaxandi milli áranna 2017-2018 og er um 90% af afurðatekjum árið 2019.

**Tafla 5: Greining breytilegs kostnaðar á hvern sláturgrip.**

	2017	2018	2019
Aðkeypt fóður, kr/sláturgrip	49.263	62.678	63.692
Áburður og sáðvörur, kr/sláturgrip	39.110	43.707	45.182
Rekstur búvéla, kr/sláturgrip	34.213	44.612	43.998
Rekstrarvörur, kr/sláturgrip	16.862	18.724	17.796
Aðkeypt þjónusta, kr/sláturgrip	39.131	39.497	37.334
Breytilegur kostnaður alls, kr/sláturgrip	178.579	209.218	208.002

Liðir sem tengjast föstum kostnaði eru fasteignagjöld, tryggingar, viðhald fasteigna, rafmagn, hiti, bifreiðakostnaður, gripakaup og ýmis annar kostnaður. Athygli vekur að launaliðurinn lækkar á milli ára, á hvert kg og sláturgrip. Afskriftir og fjármagnsliðir hækka hins vegar á móti enda hefur hluti þátttökubúa staðið í uppbyggingu á aðstöðu til nautaeldis.

Framleiðslukostnaður á hvert kg nautakjöts reiknast svipaður öll árin, eða að meðaltali 1.218 kr/kg nautakjöts þrátt fyrir sveiflur í einstaka kostnaðarliðum. Afurðatekjur ná þar með ekki að mæta meðaltals framleiðslukostnaði og þurfa því aðrar tekjur að koma til.

**Tafla 6: Fastur kostnaður og helstu kennitölur úr rekstri.**

	2017	2018	2019
Fastur kostnaður kr/sláturgrip	66.770	74.430	79.032
Laun og launatengd gjöld kr/kg	275	249	204
Laun og launatengd gjöld kr/sláturgrip	73.158	68.046	58.118
Framlegðarstig afurðatekna	39,70%	31,70%	28,90%
EBITDA, hlutfall af veltu	16,20%	18,30%	9,00%
Afskriftir kr/kg	146	169	181
Fjármagnsliðir kr/kg	140	139	174
Vaxtagjöld, % af heildartekjum	4,90%	4,40%	6,30%
<b>Framleiðslukostnaður alls, kr/kg</b>	<b>1.188</b>	<b>1.272</b>	<b>1.194</b>

Þegar á heildina er litið hefur afkoma af nautaeldi farið versnandi undanfarin ár, sem sést hér best á því að framlegðarstig lækkar úr 39,7% í 28,9% á þessum árum sem hér er unnið með. Þessi lækkun skýrist að stærstu leyti af lækkun afurðaverðs auk hækkunar á rekstrarkostnaði frá árinu 2017. Þegar hlutfall rekstrarafgangs (EBITDA) búanna af veltu er skoðað í heild sinni, með öllum rekstrartekjum og gjöldum, þá hefur afkoma þessara búa að meðaltali versnað og lækkar hlutfallið um helming á milli árána 2018 og 2019. Þátttökubúin hafa að einhverju leyti mætt versnandi afkomu með lækkun á launagreiðslum.

## Niðurstaða og framtíðarhorfur

Þegar upp er staðið ná afurðatekjur af nautaeldi ekki að mæta framleiðslukostnaði. Breytilegur kostnaður nautaeldis er of mikill miðað við afurðatekjur. Skv. rekstrargögnum þátttökubúanna er framleiðslukostnaður nautakjöts svipaður og framleiðslukostnaður dillakjöts. Í verkefni um afkomuvöktun sauðfjárbúa reiknaðist framleiðslukostnaðurinn 1.133 kr á kg dillakjöts árið 2019. Í þessu verkefni reiknast framleiðslukostnaður nautakjöts árið 2019 kr 1.194 á hvert kg nautakjöts.

Afurðaverðslækkunar sýðustu missera hafa komið mjög illa við nautakjötsframleiðendur og ekki bætir úr að aukinn innflutningur án tillits til aukins framboðs innanlands hefur þýtt að bændur koma gripum ekki að í slátrun á kjörtíma. Mikilvægt er að ná fram jafnvægi á markaði og hækkun á afurðaverði ásamt því að hagræða inni á búunum með tilliti til bættrar fóðurnýtingar og lægri fóðurkostnaðar á hvern grip. Á tímabilinu er greinileg jákvæð þróun í sláturmati, fallþunga og auknum vaxtarhraða gripa. Ef sú þróun hefði ekki átt sér stað má álykta að staða þessara nautakjötsframleiðenda væri nú enn verri. Þó sjást ekki skýr merki um að framleiðslukostnaður á framleitt kíló hafi farið lækkandi enda hefur verð á aðföngum farið hækkandi.

Samhliða innri hagræðingu á búunum er nauðsynlegt að stjórnvöld og bændur taki samtal um hvernig stuðningsfyrirkomulagi sé best háttað við greinina til að hámarka nýtingu fjármuna.

Nautaeldi hefur víða verið stundað árum saman sem hliðarbúgrein hjá bændum og þar með ekki notið þeirrar athygli sem það á skilið. Bændum sem stunda þessa búgrein sem sína aðaltekjulind hefur gjarnan þótt þeir ekki njóta sömu kjara og athygli og þeir sem stunda aðrar búgreinar. Á þessu hafa orðið breytingar sýðustu misseri og má þar nefna innflutning á fósturvísu, aukna áherslu á kynbætur, stuðning við ræktun holdakúa og sláturálag á naut sem ná tilskyldum fallþunga og flokkun. Jafnframt er unnið að því innan RML að þróa skýrsluhaldskerfið Huppu að þörfum nautakjötsframleiðenda og bjóða upp á aukna ráðgjöf.

Verkefnishópurinn telur mikilvægt að fylgja þessu verkefni eftir, fjölga þátttakendum og þróa það áfram. Það verður þó ekki gert nema með markvissri samstöðu bænda um að hefja þessa búgrein til þeirrar virðingar sem hún á skilið. Einn liður í því er að rýna betur bókhald og skýrsluhald því þar liggja leiðirnar að bættum rekstri og er grunnur að hagsmunabaráttu greinarinnar.